

10

Hættumerki um meðfædda ónæmisgalla

Meðfæddir ónæmisgallar valda endurteknum sýkingum hjá börnum og fullorðnum sem einnig reynast oft erfiðar í meðhöndlun. Ef þú eða einhver sem þú þekkir sýnir tvö eða fleiri eftirtalinna hættumerkja, skaltu ræða við lækni um hugsanlegan meðfæddan ónæmisgalla.

- 1** Eyrnabólga fjórum sinnum eða oftar undanfarið ár.
- 2** Alvarleg kinnholusýking tvisvar eða oftar undanfarið ár.
- 3** Meðferð sýklalyfja í tvo mánuði eða lengur án teljandi árangurs.
- 4** Lungnabólga tvisvar eða oftar undanfarið ár.
- 5** Hægur líkamsproski eða léleg þyngdaraukning hjá ungbörnum.
- 6** Endurtekin graftarkýli í húð eða innri líffærum.
- 7** Viðvarandi þruska í munnholi eða sveppasýking í húð.
- 8** Nauðsyn á sýklalyfjagjöf í æð til meðhöndlunar á sýkingum.
- 9** Tvær eða fleiri alvarlegar sýkingar s.s. blóðeitrun.
- 10** Fjölskyldusaga um meðfædda ónæmisgalla.

